

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Flóahreppi.

1. gr.

Flóahreppi er heimilt að leggja á sérstakt seyrulosunar-, sorphirðu- og sorpeyðingargjald samanber samþykkt um sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi nr. 352/2009. Gjöldin eru lögð á árlega og innheimt samhliða fasteignaskatti.

2. gr.

Sorphirðugjald.

a) 240 lítra tunna	8.000 kr.
b) 660 lítra kar	12.200 kr.
c) 1100 lítra kar	17.080 kr.

3. gr.

Sorpeyðingargjald.

Íbúðir	5.500 kr.
Sumarhús	5.500 kr.
Atvinnurekstur á iðnaðarlóðum	12.000 kr.
Atvinnurekstur á lögbýlum	6.500 kr.

4. gr.

Seyrulosunargjald.

Árlegt gjald fyrir tæmingu rotþróa er 7.000 kr.

5. gr.

Annað.

Árlegt gjald fyrir sorphirðu, sorpeyðingu og seyrulosun uppfærist í janúar ár hvert og mun taka mið af vísitölu neysluverðs.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Flóahrepps og staðfest skv. 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá nr. 174/2007.

Flóahreppi, 18. mars 2009.

Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri.